

# STARFSLEYFI

Urðunarstaður við Laxárdalsveg

Dalabyggð

Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Kt.: 510694–2019

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Dalabyggð, kt. 510694–2019, fyrir meðhöndlun úrgangs á urðunarstaðnum við Laxárdalsveg, í landi Höskuldsstaða, Dalabyggð. Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Dalabyggð er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Rekstraraðili getur falið verktaka að annast fyrir sig verk, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin leyfi. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfis þessa sé fylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi deiliskipulag.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Heimilt er að taka á móti og urða allt að 500 tonn á ári af úrgangi sem hefur verið meðhöndlaður og telst tækur á urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang, sbr. tl. 2.1 í II. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Óheimilt er að urða almennan úrgang, spilliefni, fljótandi úrgang (þurrefnisinnihald undir 20%), hjólbarða, brotajárn, ökutæki eða annan úrgang sem talinn er upp í 8. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Óheimilt er að geyma úrgang á urðunarstaðnum.

Móttaka geislavirks úrgangs og sprengiefna er bönnuð.

Brennsla úrgangs er bönnuð.

### 1.3 Eftirlit

Eftirlitsaðili hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við 65. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Eftirlit felst m.a. í reglubundnum skoðunum á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

#### 1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Á grundvelli þeirra metur útgefandi hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi, sbr. 2. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar.

#### 1.5 Stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum, búnaði og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila með minnst mánaðarfyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megji út frágang.

#### 1.6 Starfsemi hafin að nýju

Tilkynna skal eftirlitsaðila um að reksturinn hafi verið hafinn á nýjan leik ef hann hefur legið niðri í meira en mánuð.

#### 1.7 Lokun urðunarstaðar

Um frágang urðunarstaðar, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi urðunarstaðarins lýkur skal fara samkvæmt 23. og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Frágangur skal vera í samræmi við deiliskipulag og leitast skal við að í endanlegri mynd falli svæðið sem best að landslagi. Grein 4.5 í starfsleyfi þessu skal uppfyllt eftir lokun. Áætlun um endanlegan frágang eftir lokun urðunarstaðarins skal liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfsemi lýkur.

#### 1.8 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu fánlegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn. Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

#### 1.9 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur.

Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita hæfilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 2. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003.

Sinni rekstraraðili ekki fyrir mælum um úrbætur innan tiltekins frests er eftirlitsaðila heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir sbr. 3. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003, eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila sbr. 4. mgr. 66. gr. laganna.

Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 6. mgr. 66. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða sinni rekstraraðili ekki fyrir mælum um úrbætur innan tiltekis frests, að afturkalla starfsleyfi rekstrar eða stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila sbr. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 7/1998.

Telji eftirlitsaðili að um alvarlega hættu sé að ræða, og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað sbr. 5. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003.

### 1.10 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði í kafla XI í reglugerð nr. 785/1999, upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við kafla VI í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit og upplýsingum sem birtast skulu samkvæmt upplýsingastefnu Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun birtir opinberlega niðurstöður samkvæmt gr. 1.3 og 1.9. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti.

### 1.11 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi, sbr. ákvæði laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

## 2. STARFSHÆTTIR

### 2.1 Umhverfi og takmörkun aðgangs

Rekstraraðili skal kappkosta að draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið og skal hann setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Skulu umhverfismarkmiðin liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 2016 og þau endurskoðuð á 4 ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Aðgangur að athafnasvæðinu skal vera takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og hindrar ólöglega losun úrgangs. Hlið skulu lokuð og læst nema þegar starfsemi fer fram. Á urðunarstaðnum skal eftirlits- og aðgangskerfi einnig fela í sér aðgerðir sem miða að því að koma upp um og sporna gegn ólöglegri losun á staðnum. Gott viðhald og eftirlit skal vera með girðingu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Verði vart við meindýr eða vargfugl skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila, að teknu tilliti til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

## 2.2 Mengunarvarnir og nýting orku

Rekstraraðili skal nota bestu fánlegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind, við mengunarvarnir og skal nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal víðtæka umhverfisvernd.

## 2.3 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur, sbr. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

## 2.4 Viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar hafs og stranda frá starfseminni og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess, sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

## 2.5 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.4.

Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

## 2.6 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal heilbrigðisnefnd á svæðinu upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

## 2.7 Verkstjórn

Stjórnandi urðunarstaðar skal hafa nægilega tæknilega færni til að stjórna honum og hann skal hafa hlotið faglega og tæknilega menntun og þjálfun. Á hverri vinnuvakt á athafnasvæði skal starfa tilgreindur

starfsmaður sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum rekstrarins. Þessi starfsmaður skal kunna skil á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og viðeigandi lögum og reglugerðum, ásamt uppdrætti af urðunarstaðnum, skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Rekstraraðili skal tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðili getur haft samband við utan afgangslutíma ef þörf krefur.

## 2.8 Meðhöndlun hættulegra efna

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## 2.9 Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Rekstraraðili skal stuðla að endurnotkun og –nýtingu úrgangs eins og kostur er, í samræmi við gildandi svæðisáætlun sveitarstjórnar. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi sem berst í slíka vinnslu, ef kostur er.

## 2.10 Gjaldtaka fyrir urðun úrgangs

Rekstraraðili urðunarstaðar skal innheimta gjald vegna urðunar úrgangs, sbr. 23. gr. laga nr. 55/2003. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við urðun úrgangsins, þar með talið uppsetningu og rekstri viðkomandi urðunarstaðar. Einnig skal gjaldið að svo miklu leyti sem hægt er standa undir áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunar, til 30 ára. Ef rekstraraðili er sveitarfélag eða byggðasamlag skal gjaldið þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga um meðhöndlun úrgangs, s.s. vegna þróunar nýrrar tækni, rannsókna, fræðslu eða kynningarmála.

## 2.11 Tryggingar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, vegna mögulegs bráðamengunartjóns, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

# 3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

## 3.1 Varnir gegn foki úrgangsefna

Komið skal í veg fyrir fok úrgangsefna frá starfseminni, t.d. með uppsetningu skjólbelta og/eða jarðvegsmana og/eða með því að taka tillit til vindafars hverju sinni við móttöku og urðun á foggjörnum úrgangi.

## 3.2 Verndun jarðvegs og grunn- og yfirborðsvatns

Veita skal vatni framhjá urðunarstaðnum og lækka grunnvatnsborð með fráveituskurði sem staðsettur er sunnan urðunarstaðarins. Til að draga úr mögulegri útskolun mengunarefna yfir í grunnvatn skal botn urðunarreina vera ofan grunnvatnsborðs, eins og það stendur hverju sinni.

Botn og hliðar urðunarstaðarins eru mynduð úr jarðlögum sem fyrir eru á urðunarstaðnum, frá náttúrunnar hendi. Ekki er gerð krafa um tilbúinn jarðfræðilegan tálma, botnþéttingu eða hriplag.

Samkvæmt framangreindu er dregið úr kröfum sem settar eru fram í tl. 3.2 og 3.3 í viðauka I við reglugerð nr. 738/2003, enda hefur rekstraraðili lagt fram áhættumat og sýnt fram á að jarðvegi og grunn- og yfirborðsvatni stafi ekki hættu af urðun við þessar aðstæður, sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Leiði niðurstöður eftirlitsmælinga í ljós mengun í vatni mun útgefandi starfsleyfis fara yfir þær kröfur sem koma fram í þessari grein og skoða hvort ástæða sé til að auka þær.

### 3.3 Sigvatn

Ekki er gerð krafa um söfnun sigvatns undan urðunarstaðnum.

Samkvæmt framangreindu er dregið úr kröfum sem settar eru fram í tl. 3.3 í viðauka I við reglugerð nr. 738/2003, enda hefur rekstraraðili lagt fram áhættumat og sýnt fram á að jarðvegi og grunn- og yfirborðsvatni stafi ekki hættu af urðuninni þótt sigvatni verði ekki safnað, sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Leiði niðurstöður eftirlitsmælinga í ljós mengun í vatni mun útgefandi starfsleyfis fara yfir þær kröfur sem koma fram í þessari grein og skoða hvort ástæða sé til að auka þær.

### 3.4 Hauggas

Starfsleyfið veitir ekki heimild til urðunar á lífbrjótanlegum úrgangi og því er ekki gerð krafa um söfnun hauggass og eftirlit með hauggasi, sbr. 4. tl. viðauka I við reglugerð nr. 738/2003.

### 3.5 Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að lágmarka hávaða frá starfsemi og skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.

## 4. MÓTTAKA OG URÐUN ÚRGANGS

### 4.1 Móttaka og skráning úrgangs

Móttaka úrgangs til urðunar skal vera í samræmi við viðmiðanir um móttöku úrgangs í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

Við móttöku úrgangs til urðunar skal fara fram sjónrænt mat og krefja má úrgangshafa um gögn til að sannreyna að úrgangurinn uppfylli móttökuskilyrði fyrir þann úrgang sem heimilt er að urða, sbr. gr. 1.2 í starfsleyfi þessu. Úrgangi sem ekki samræmist móttökuskilyrðum staðarins skal hafnað og eftirlitsaðila tilkynnt um slíkt án tafar. Rekstraraðila er heimilt að krefja úrgangshafa um gögn til staðfestingar á því að spilliefni séu ekki meðal þess úrgangs sem hann óskar eftir að verði urðaður.

Skrá skal magn og tegundir úrgangs sem tekið er á móti, upplýsingar um uppruna úrgangsins, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrtæki ef um er að ræða heimilisérgang og ráðstöfun úrgangsins. Gefa skal út kvittun til úrgangshafa fyrir móttöku úrgangs til urðunar.

Nánari leiðbeiningar um viðmiðanir og aðferðir við móttöku úrgangs til urðunar er að finna í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

## 4.2 Spilliefni

Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti. Spilliefnum sem kunna að berast rekstraraðila skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta tækifæri.

## 4.3 Daglegur frágangur urðunarreina

Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra og vargfugls. Skal þekjulagið vera að lágmarki 15 cm að þykkt. Óheimilt er að nota þekjuefni sem getur sjálft haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt.

Gott skipulag skal vera á urðunarstaðnum og skal halda stærð vinnsluflatar í lágmarki hverju sinni.

## 4.4 Varúðarráðstafanir á urðunarstað

Koma skal úrgangi þannig fyrir á urðunarstað að haugurinn og tengd mannvirki verði sem stöðugust, einkum þannig að ekki verði um skrið að ræða.

## 4.5 Endanlegur frágangur urðunarreina

Urðunarhólf skulu eftir fyllingu hulin jarðvegslagi, eða lagi úr sambærilegu efni, a.m.k. 1 m þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af þeim og sig ofan í úrganginn sé lágmarkað. Óheimilt er að nota efni sem getur haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt.

# 5. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

## 5.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

1. Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1.
2. Úrgangur sem hafnað er til urðunar, þar með talin magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til viðeigandi móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar, sbr. gr. 4.1.
3. Staðan á urðunarstaðnum; svæði undir úrgangi, aðferðir við urðun, hvenær og hversu lengi er urðað og útreikningar á því urðunarrými sem eftir er á staðnum.
4. Breyting á umfangi urðaða úrgangsins (sig).
5. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 2.5 og 2.6.
6. Niðurstöður eftirlitsmælinga, sbr. gr. 5.2.
7. Daglegt magn úrkomu á staðnum.
8. Daglegt hitastig; lágmark, hámark og kl. 12 á hádegi.
9. Dagleg stefna og styrkur ríkjandi vindáttar.
10. Loftraki, daglega kl. 12 á hádegi.
11. Dagleg uppgufun.

Ef upplýsingar um veðurfar liggja fyrir frá nálægri veðurstöð má styðjast við þær.

## 5.2 Eftirlitsmælingar

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á grunnvatni og yfirborðsvatni skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Tekin skulu sýni af vatni þar sem meðalsamsetning er dæmigerð.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd sýnatöku og mælinga. Upplýsingar um framkvæmd sýnatöku og mælinga skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

### Rekstraraðili skal vakta grunnvatn og yfirborðsvatn samkvæmt eftirfarandi mælingaáætlun:

	Mæli-/sýnatökustaðir	Mæliþættir	Tíðni
Staða grunnvatns	Mælibrunnar: a) einn ofan urðunarstaðar (G3) b) tveir neðan urðunarstaðar (G1 og G2)	Hæð grunnvatnsborðs	Tvisvar á ári; fyrir 1. maí og 1. okt.
Samsetning grunnvatns	Mælibrunnar: a) einn ofan urðunarstaðar (G3) b) tveir neðan urðunarstaðar (G1 og G2)	Hitastig, leiðni, pH, súrefnisþörf (COD), ammóníum (NH <sub>4</sub> <sup>+</sup> ), níturat (NO <sub>3</sub> <sup>-</sup> ), fosfór (P <sub>heild</sub> ), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), blý (Pb), kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg), tin (Sn)	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt.
Magn og samsetning yfirborðsvatns	Lækur austan urðunarstaðarins: a) ofan urðunarstaðar (Y1) b) neðan urðunarstaðar (Y2)	Rennsli, hitastig, leiðni, pH, súrefnisþörf (COD), ammóníum (NH <sub>4</sub> <sup>+</sup> ), níturat (NO <sub>3</sub> <sup>-</sup> ), fosfór (P <sub>heild</sub> ), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), blý (Pb), kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg)	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt.

Hnit sýnatökustaða (ISN93):

Merking	X	Y
G1	374265,783	515516,492
G2	374335,486	516503,412
G3	374450,844	515476,630
Y1	374563	515512
Y2	374371	515726

Varðandi tíðni eftirlitsmælinga og mæliþætti er eftirlitsaðila heimilt að breyta tilhöguninni, s.s. ef mat á niðurstöðum úr fyrri mælingum gefur til kynna að óhætt sé að fækka mælingum eða ef fara þarf fram á tíðari mælingar.

## 5.3 Losunar- og umhverfismörk

Gæði grunnvatns og yfirborðsvatns neðan urðunarstaðarins (G1, G2 og Y2) skal meta út frá samsetningu grunnvatns og yfirborðsvatns ofan hans (G3 og Y1). Miða skal við að ástand yfirborðsvatns versni ekki við innrennsli vatns frá urðunarstaðnum, þ.e. að yfirborðsvatnið falli ekki niður um flokk í fylgiskjali með reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Eftirlitsaðili mun í reglubundnu eftirliti með starfseminni fylgjast með þessum þáttum í samræmi við gildandi verklagsreglur um framkvæmd eftirlits.



Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun um sérhver skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

#### 5.4 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Afrit skal senda heilbrigðisnefnd á starfssvæði rekstraraðila. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um grænt bókhald eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Afrit skal senda heilbrigðisnefnd á starfssvæði rekstraraðila. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um grænt bókhald eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

## 6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 4. flokk skv. fylgiskjali 1 með reglugerð nr. 785/1999. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins. Rekstraraðili greiðir eftirlitsaðila gjald skv. gjaldskrá eftirlitsaðila vegna reglubundins eftirlits. Gjald vegna viðbótareftirlits, s.s. vegna vanefnda eða rökstuddra kvartana, greiðist sérstaklega skv. gjaldskrá eftirlitsaðila, sbr. 5. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999.

## 7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til 9. september 2027.

Reykjavík, 9. september 2015

Umhverfisstofnun

Kristín Linda Árnadóttir  
forstjóri

Sigríður Kristjánsdóttir  
settur sviðsstjóri

# Viðauki 1

## Yfirlit yfir skiladaga

Í eftirfarandi greinum starfsleyfisins eru skiladagar tilgreindir:

- Grein 1.7: Áætlun um endanlegan frágang eftir lokun urðunarstaðarins skal liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfsemi lýkur.
- Grein 2.1: Umhverfismarkmið skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 2016 og skulu endurskoðuð á 4 ára fresti.
- Grein 5.4: Senda skal eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert.
- Grein 5.4: Senda skal Umhverfisstofnun upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert.

Ef ósamræmi er á milli þessa viðauka og meginþexta starfsleyfisins þá gildir meginþextinn.